



Stefnumótun í æskulýðsmálum

2014-2018

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Markmið	5
1. Skipulag æskulýðsmála sé samræmt á landsvísu og stuðli þannig að samstarfi allra aðila sem koma að æskulýðsstarfi.	7
2. Þátttaka barna og ungmenna í æskulýðsstarfi sé aukin og starfið taki mið af þörfum hvers einstaklings.	8
3. Börn og ungmenni hafi bein áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir um æskulýðsstarf.	9
4. Fjármögnun æskulýðsstarfs sé trygg og gætt sé jafnræðis við úthlutun fjármagns.	10
5. Upplýsingar og miðlun upplýsinga sem varða æskulýðsstarf taki mið af þörfum, væntingum og aðstæðum barna og ungmenna.	11
6. Menntun og þjálfun þeirra sem starfa að æskulýðsmálum sé fagleg og stuðli að sífellt auknum gæðum í æskulýðsstarfi.	12
7. Fjölbreytni sé í rannsóknarverkefnum á sviði æskulýðsmála og tryggt að niðurstöður séu nýttar í þágu æskulýðsstarfs.	13
Niðurlag	14
Heimildaskrá	15

Stefnumótun í æskulýðsmálum 2014 - 2018



1. Inngangur

Stefnumótun í æskulýðsmálum sem hér birtist er afrakstur af vinnu Æskulýðsráðs sem starfar samkvæmt æskulýðslögum (nr. 70/2007). Hlutverk Æskulýðsráðs er m.a. að gera tillögur um „áherslur og stefnumótun í málaflokknum“ og er sú stefnumótun sem hér er lögð fram liður í því. Markmið með stefnumótuninni er að skilgreina mikilvæg verkefni sem aðilar á vettvangi æskulýðsmála þurfa að vinna að á komandi árum.

Í stefnumótun í æskulýðsmálum er lögð áhersla á atriði sem stuðla að nauðsynlegri þróun og uppbyggingu í æskulýðsmálum á Íslandi. Stefnumótunin á sér langan aðdraganda og hefur orðið til vegna vinnu ráðsins undanfarin fjögur ár. Gerð er grein fyrir vinnulagi við gerð stefnumótunarinnar í niðurlagi.

Við gerð stefnumótunar í æskulýðsmálum kemur berlega í ljós ákveðinn skilgreiningar- og hugtakavandi sem fagsviðið býr við. Mikilvægt er að vekja athygli á því þar sem sameiginlegur skilningur á lykilhugtökum er nauðsynlegur í vinnu sem þessari. Fram kemur í stefnunni að brýnt sé að vinna markvisst í þeim málum og skýra betur lykilhugtök.

Stefnan er byggð upp með þeim hætti að fyrst eru skilgreind sjö meginmarkmið sem stefna ber að í æskulýðsmálum á næstu árum. Því næst eru útlistaðar nokkrar leiðir að hverju markmiði fyrir sig. Jafnframt er lagt til hvaða aðilar beri ábyrgð á framkvæmd þeirra leiða sem nefndar eru, auk þess sem árangursmælikvarðar eru tilgreindir. Næstu skref eru að vinna að nánari útfærslu á hverju verkefni fyrir sig og hrinda þeim í framkvæmd. Það þarf að gerast í samstarfi Æskulýðsráðs, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, innanríkisráðuneytisins, velferðarráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, sveitarfélaga, félagasamtaka, háskóla og rannsóknarstofnana.

Aftast í samantektinni er að finna skrá yfir þær heimildir sem hafðar voru til hliðsjónar við gerð þessarar stefnumótunar. Lagt er til að stefnumótun í æskulýðsmálum gildi frá 2014 til 2018.

2. Markmið

Stefna mennta- og menningarmálaráðuneytisins í æskulýðsmálum tekur m.a. mið af þeim lagaskyldum sem ríkið hefur samkvæmt ákvæðum um Æskulýðsráð í lögum (Æskulýðslög nr. 70/2007) og samningum ríkisins við félög, samtök og hópa sem starfa að æskulýðsmálum. Stefnan á sérstaklega við um skipulagt æskulýðsstarf eins og það er skilgreint í fyrrgreindum lögum þ.e. skipulögð félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum.

Unnið skal að eftirfarandi markmiðum:

1. Skipulag æskulýðsmála sé samræmt á landsvísu og stuðli þannig að samstarfi allra aðila sem koma að æskulýðsstarfi.
2. Þátttaka barna og ungmenna í æskulýðsstarfi sé aukin og starfið taki mið af þörfum hvers einstaklings.
3. Börn og ungmenni hafi bein áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir um æskulýðsstarf.
4. Fjármögnun æskulýðsstarfs sé trygg og gætt sé jafnræðis við úthlutun fjármagns.
5. Upplýsingar og miðlun upplýsinga sem varða æskulýðsstarf taki mið af þörfum, væntingum og aðstæðum barna og ungmenna.
6. Menntun og þjálfun þeirra sem starfa að æskulýðsmálum sé fagleg og stuðli að sífellt auknum gæðum í æskulýðsstarfi.
7. Fjölbreytni sé í rannsóknarverkefnum á sviði æskulýðsmála og tryggt að niðurstöður séu nýttar í þágu æskulýðsstarfs.



1. Skipulag æskulýðsmála sé samræmt á landsvísu og stuðli þannig að samstarfi allra aðila sem koma að æskulýðsstarfi

Eitt af hlutverkum Æskulýðsráðs er að stuðla að samvinnu félaga, félagasamtaka, skóla og sveitarfélaga um æskulýðsmál. Mun fleiri aðilar (einstaklingar, hópar og fyrirtæki) standa þó um lengri eða skemmri tíma fyrir æskulýðsstarfi. Því er einn af meginveikleikum í skipulagi æskulýðsstarfs á Íslandi skortur á einum sameiginlegum samstarfs- og samráðsvettvangi allra þeirra sem koma að æskulýðsstarfi. Með stofnun sameiginlegs vettvangs yrði til mikilvægur og faglegur málsvári fyrir börn, ungmenni og æskulýðsstarf í landinu. Mikilvægt er að umhverfi og skipulag æskulýðsstarfs sé í stöðugri þróun og taki mið af þörfum samtímans. Því þarf að gera breytingar á skipulagi æskulýðsmála.

Leiðir:

- Vinna markvisst að auknu samstarfi og samráði allra aðila sem sinna æskulýðsstarfi og þeirra sem taka ákvarðanir varðandi æskulýðsstarf.
- Stofna samstarfsvettvang allra þeirra sem sinna æskulýðsstarfi í samvinnu við frjáls félagasamtök, æskulýðsstarf sveitarfélaga og aðra til þess m.a. að auka samvinnu og samstarf þessara aðila og skapa einn sterkan málsvara á sviði æskulýðsmála.
- Tryggja að hinn nýi sameiginlegi samstarfsvettvangur í æskulýðsstarfi hafi aukna aðkomu að stefnumótun hins opinbera.
- Efla lýðræðislegar áherslur í stefnumótun og stjórnun æskulýðsmála.
- Endurskoða æskulýðslög.
- Skapa traustari lagaramma um hvaða þjónustu opinberir aðilar skulu veita börnum og ungmennum í frístundum.
- Skilgreina gæðaviðmið fyrir opinbera aðila sem starfa að æskulýðsmálum, s.s. um starfsemi félagsmiðstöðva fyrir unglinga, frístundaheimila og ungmennahúsa.
- Endurskoða tilvist og hlutverk Æskulýðsráðs.
- Sjá til þess að ungt fólk hafi beina aðkomu að stjórnun æskulýðsmála og eigi fulltrúa í Æskulýðsráði.
- Skilgreina hugtökin æskulýðsstarf, æskulýðsfélag, æskulýðssamtök, tómstundastarf, frístundastarf og önnur hugtök sem tengjast málaflokknum.
- Traustari fjárhagur verði undirstaða skilvirkara skipulags.
- Tryggja að ný félög, hópar og einstaklingar sem starfa á sviði æskulýðsmála eigi kost á stuðningi frá ríki og sveitarfélögum.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, sveitarfélög og frjáls félagasamtök.

Mat: Úttekt og árangursmat verði gert í síðasta lagi árið 2018.

2. Þátttaka barna og ungmenna í æskulýðsstarfi sé aukin og starfið taki mið af þörfum hvers einstaklings

Auka þarf þátttöku barna og ungmenna í æskulýðsstarfi og huga skal sérstaklega að mismunandi þörfum einstaklinga og hópa. Hafa ber í huga að æskulýðsstarf hefur félags-, forvarna-, uppeldis-, menningar- og menntunarlegt gildi. Atbeini hins opinbera skal því stuðla að því að öllum börnum og ungmennum séu tryggð jöfn tækifæri til þátttöku í æskulýðsstarfi án mismununar af nokkru tagi, svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, kynhneigðar, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, þjóðháttar eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætternis eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns.

Leiðir:

- Taka markvisst mið af mismunandi þörfum einstaklinga, hópa og félaga við gerð áætlana í æskulýðsmálum.
- Gera umhverfi og aðstöðu til þess að stunda æskulýðsstarf aðgengilegt fyrir alla og auka sýnileika þess.
- Tryggja þátttöku jaðar- og minnihlutahópa í æskulýðsstarfi.
- Hvetja til virkrar þátttöku beggja kynja í æskulýðsstarfi.
- Auka samstarf við foreldra og forráðamenn og upplýsingamiðlun til þeirra.
- Stuðla að jafnvægi milli þátttöku í æskulýðsstarfi, öðru frístundastarfi, fjölskyldulífi og námi.
- Tryggja öllu ungu fólki greiðari aðgang að stjórnsýslu og þjónustu til dæmis með aukinni rafrænni þjónustu.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneyti, sveitarfélög og frjáls félagasamtök.

Mat: Úttekt og árangursmat verði gert í síðasta lagi árið 2018.

3. Börn og ungmenni hafi bein áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir um æskulýðsstarf

Í æskulýðslögum segir: „Í öllu starfi með börnum og ungmennum skal velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku.“ Æskulýðsstarf ætti því að auka félagsfærni og þjálfun til þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Mikilvægt er að æskulýðsstarf sé byggt á forsendum barna og ungmenna, þau hafi bein áhrif á málefni sem þau varðar og fái að axla raunverulega ábyrgð.

Leiðir:

- Auka lýðræðislega aðkomu barna og ungmenna að stefnumótun ríkis og sveitarfélaga.
- Leggja áherslu á aukin lýðræðisleg vinnubrögð í æskulýðsstarfi og þátttöku barna og ungmenna í allri stefnumótandi ákvarðanatöku.
- Virða og fylgja ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í öllu æskulýðsstarfi og veita börnum fræðslu um hann.
- Auka áhrif ungmennaráða félagasamtaka og sveitarfélaga í stefnumótun og ákvarðanatöku.
- Stofna formlegan lýðræðislegan vettvang barna og ungmenna til að miðla sjónarmiðum ungs fólks til ríkisvaldsins.
- Þjóða upp á beinar kosningar barna og ungmenna um málefni sem þau varðar. Þetta sé gert á vettvangi sem hentar börnum og ungmennum.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, innanríkisráðuneytið, sveitarfélög og frjáls félagasamtök.

Mat: Úttekt og árangursmat verði gert í síðasta lagi árið 2018.

4. Fjármögnun æskulýðsstarfs sé trygg og gætt sé jafnræðis við úthlutun fjármagns

Fjárhagslegur bakgrunnur þeirra aðila sem standa að æskulýðsstarfi er afar misjafn. Starfsemi á vegum skóla, sveitarfélaga og stærri samtaka byggja á öruggari fjárframlögum á meðan ýmis frjáls félög, hópar og einstaklingar búa við meiri fjárhagslega óvissu. Þennan aðstöðumun þarf að jafna, m.a. með því að auka jafnræði við úthlutun fjármagns.

Leiðir:

- Tryggja aukna og traustari fjármögnun æskulýðsstarfs.
- Tryggja að ríki og sveitarfélög gæti jafnræðis við úthlutun fjármagns til æskulýðsmála.
- Endurskoða æskulýðssjóð, auka fjárveitingar til hans og opna hluta hans fyrir frumkvöðla-, sprota- og þróunarverkefni félaga, hópa og einstaklinga.
- Útfæra hvernig hinn nýi sameiginlegi samstarfsvettvangur í æskulýðsstarfi geti haft aðkomu að ráðstöfun fjárframlaga ríkisins til æskulýðsmála.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið, sveitarfélög og félagasamtök.

Mat: Úttekt og árangursmat verði gert í síðasta lagi árið 2018.

5. Upplýsingar og miðlun upplýsinga sem varða æskulýðsstarf taki mið af þörfum, væntingum og aðstæðum barna og ungmenna

Mikil umbylting hefur orðið í miðlun upplýsinga og samskiptum fólks á undanförunum áratugum. Ungt fólk er að jafnaði duglegt að tileinka sér nýjungar í upplýsinga- og samskiptatækni. Miðlun upplýsinga og samskipti eiga sér í auknum mæli stað á samfélagsmiðlum. Stjórnvöld og aðilar í æskulýðsstarfi verða að aðlaga umgjörð æskulýðsstarfs og upplýsingamiðlun til barna og ungmenna að þessum breytingum.

Leiðir:

- Nýta nýjustu tækni og samskiptamiðla til að auka upplýsingastreymi og stuðla að aukinni þátttöku í æskulýðsstarfi.
- Hvetja til notkunar samfélagsmiðla í tómstunda og æskulýðsstarfi.
- Kynna notkun samfélagsmiðla í æskulýðsstarfi til samræmis við kröfur nútímans.
- Stuðla að því að börn og ungmenni tileinki sér samskipti á netmiðlum sem byggð eru á siðferðislegum gildum samfélagsins.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, rannsóknarstofnanir, sveitarfélög og félagasamtök.
Mat: Úttekt og árangursmat verði gert í síðasta lagi árið 2018.

6. Menntun og þjálfun þeirra sem starfa að æskulýðsmálum sé fagleg og stuðli að sífellt auknum gæðum í æskulýðsstarfi

Það er sameiginlegt hlutverk ríkis, sveitarfélaga og aðila sem standa að æskulýðsstarfi að auka fagmennsku, menntun og þjálfun á sviði æskulýðsmála. Samfélagslegar kröfur til þeirra sem starfa með börnum í skóla-, íþrótt- og æskulýðsstarfi eru sífellt að aukast. Mikilvæg þróun hefur átt sér stað í þessum efnum. Fyrir rúmum áratug var komið á fót námi í tómstunda- og félagsmálafræði á háskólastigi auk þess sem félagasamtök hafa mörg hver eigið mennta- og þjálfunarkerfi (óformleg menntakerfi) fyrir leiðtoga sína. Brýnt er að auka gæði starfsins enn frekar og stuðla að því að gæði og fagmennska séu leiðarljós í öllu æskulýðsstarfi. Þar er aukin menntun og þjálfun leiðtoga lykilatriði.

Leiðir:

- Byggja upp fjölbreyttari grunn- og símenntun fyrir þá sem starfa að æskulýðsmálum.
- Auka kröfur um menntun og reynslu þeirra sem starfa á vettvangi æskulýðsmála.
- Skapa traustan lagaramma um þá aðila er starfa að æskulýðsmálum þar sem kveðið er á um réttindi og skyldur þeirra.
- Skilgreina viðmið á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um þá óformlegu menntun (non-formal education) og það óformlega nám (informal learning) sem á sér stað í æskulýðsstarfi.
- Meta með formlegum hætti og viðurkenna þjálfun og menntun sem fer fram innan æskulýðsfélaga og samtaka.
- Votta reynslu af æskulýðsstarfi til formlegrar menntunar.
- Efla háskólanám á sviði tómstunda- og félagsmálafræða.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, háskólar, sveitarfélög, hagsmunasamtök og félagasamtök.

Mat: Úttekt og árangursmat verði gert í síðasta lagi árið 2018.

7. Fjölbreytni sé í rannsóknarverkefnum á sviði æskulýðsmála og tryggð að niðurstöður séu nýttar í þágu æskulýðsstarfs

Háskólar, rannsóknarstofnanir og aðilar sem standa að æskulýðsstarfi geta stuðlað að aukinni þróun og þekkingu á æskulýðsstarfi með öflugum rannsóknarstarfi. Mikilvægt er að tryggja fjölbreytni í rannsóknum og stuðla að nýsköpun og nýliðun í æskulýðsrannsóknum. Sérstaklega þarf að gæta að því að gögn og niðurstöður séu nýttar með markvissum hætti til þess að bæta og auðga æskulýðsstarf í landinu.

Leiðir:

- Hafa ætíð hagsmuni íslenskrar æsku að leiðarljósi við stefnumótun varðandi íslenskar æskulýðsrannsóknir.
- Fela RANNÍS úthlutun rannsóknarfjármagns í umboði ráðuneytis.
- Tryggja nýsköpun og nauðsynlega nýliðun í æskulýðsrannsóknum og greiða leið nýrra viðfangsefna.
- Stuðla að áframhaldandi langtímarannsóknum á sviði æskulýðsmála.
- Stuðla að aukinni þjónustu rannsóknaraðila við félagasamtök.
- Móta stefnu um opinn aðgang að gögnum sem safnað er fyrir opinbert fé þannig að þau nýtist öðrum rannsækendum.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, háskólar, rannsóknarstofnanir, RANNÍS, sveitarfélög og félagasamtök.

Mat: Úttekt og árangursmat verði gert í síðasta lagi árið 2018.

Um vinnulag við stefnumótunina

Stefnumótunin á sér langan aðdraganda og hefur orðið til vegna vinnu ráðsins undanfarin fjögur ár.

Á vormánuðum 2012 fékk Æskulýðsráð sérstakan ráðgjafa til þess að sjá um verkefnisstjórnun og ritstýra vinnu við gerð stefnumótunar. Stýrihópur Æskulýðsráðs hélt fjölmarga fundi frá maí til október 2012 þar sem áherslan var lögð á stöðugreiningu og stefnumótun. Svokölluð SVÓT-greining er m.a. afrakstur þeirrar vinnu. Á haustmánuðum 2012 var samin spurningakönnun sem send var út á netinu. Könnunin var send til flestra þeirra aðila sem standa að æskulýðsstarfi, m.a. félaga, samtaka, hópa og starfsfólks sem vinnur hjá félagsmiðstöðvum sveitarfélaga. Þá átti ráðgjafi viðtöl við starfsfólk ráðuneyta, stofnana og hagsmunaaðila sem tengjast málaflokknum. Stýrihópurinn hafði frumkvæði að því að koma á samráðsfundi Katrínar Jakobsdóttir, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, með fulltrúum ungmennaráða sveitarfélaga í október 2012. Á fundinn mættu um 50 ungmenni á aldrinum 15-20 ára. Þau skiptust á skoðunum við ráðherra og tóku virkan þátt í hópavinnu um stöðu og framtíð æskulýðsstarfs. Einnig var stuðst við ýmsar heimildir sem liggja fyrir vegna vinnu við greiningu og stefnumótun í æskulýðsmálum á undanförunum þremur árum, auk niðurstaðna rannsókna á þessu sviði, sjá heimildaskrá.

Stefnumótun í æskulýðsmálum var kynnt opinberlega 10. desember 2012 og í framhaldi af því gafst þeim sem starfa á vettvangi æskulýðsmála kostur á að skila inn athugasemdum. Athugasemdir bárust frá 11 aðilum og fór nýskipað Æskulýðsráð yfir allar ábendingar með það að markmiði að taka tillit til þeirra.

Meðal athugasemda sem komu fram var gagnrýni á vinnulag í framkvæmd stefnumótunarvinnunnar þar sem ýmis félagasamtök hefðu viljað hafa meiri aðkomu að vinnunni. Var öllum aðilum sem sendu inn athugasemdir boðið á fundi með Æskulýðsráði þar sem þeir komu sjónarmiðum sínum og athugasemdum við stefnumótunina á framfæri. Eftir ítarlega yfirferð í Æskulýðsráði lagði ráðið ríka áherslu á að taka tillit til framkominna athugasemda eins og unnt var.

Í *Stefnmótun í æskulýðsmálum 2014-2018* er lagt upp með að unnið verði að þeim atriðum á sviði æskulýðsmála sem viðtækust sátt er um. Með þessum áherslum er stuðlað að nauðsynlegri þróun og uppbyggingu í æskulýðsmálum á Íslandi.

Stefnumótun í æskulýðsmálum 2014 - 2018 var samþykkt samhljóða í Æskulýðsráði 5. júní 2014. Lítillsháttar orðalagsbreytingar og tillögur prófarkalesara voru samþykktar samhljóða á fundi Æskulýðsráðs 11. ágúst 2014.

Ingibjörg Valgeirsdóttir, formaður
Jakob Frimann Þorsteinsson, varaformaður
Ásta Björg Björgvinsdóttir Hreiðar Már Árnason
Margrét Vala Gylfadóttir

Margrét Sigurðardóttir
Ragnheiður Sigurðardóttir
Sigurður Guðmundsson
Valur Rafn Halldórsson

Heimildaskrá

Ábyrgð aðila sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi fyrir börn og unglinga. Ragnhildur Helgadóttir fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Æskulýðsráð. 2012.

Barn- och ungdomspolitiskt utvecklingsprogram 2012-2015. Undervisnings- och kulturministeriet, Sverige, 2012.

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna 1989. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (1992, nr. 18., 2. nóv.).

Fundur menntamálaráðherra með fulltrúum ungmennaráða sveitarfélaga, 1 október 2012. Samantekt.

Íþróttavæðum Ísland. Aukin þátttaka – breyttur lífsstíll. Skýrsla starfshóps um mótun íþróttastefnu – tillaga að íþróttastefnu Íslands. Menntamálaráðuneytið. Janúar 2006.

Niðurstöður „air opera“ vinnu á aðalfundi FÍÆT 13 apríl 2012. Félag íslenskra æskulýðs- og tómstundafulltrúa. 2012.

Niðurstöður SVÓT greiningar Æskulýðsráðs í september 2012. Stjórnsýsluráðgjöf ehf. 2012.

Niðurstöður úr samráðsfundi Æskulýðsráðs með félagasamtökum og hagsmunaaðilum 4. nóvember 2009.

Lehikoinen, Jarkko. Overview on the Finnish Youth Work and The Finnish Youth Co-operation Allianssi (NYC of Finland). „Alliansi. 2. april, 2012.

Samráðs- og upplýsingafundur Æskulýðsráðs, félagasamtaka og annarra hagsmunaaðila með Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra 30. nóvember 2010. Æskulýðsráð. 2010.

Starfsáætlun Æskulýðsráðs 2012-2013. Æskulýðsráð. 2011.

Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþróttamálum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 2011.

Stöðuskýrsla. Ráðgjafanefnd um æskulýðsrannsóknir. Ágúst 2011.

Ungt fólk 2012. Menntun, menning, íþróttir, tómstundir, hagir og líðan nemenda í 8. 9. og 10. bekk. Rannsóknir & greining ehf. fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. 2011.

Ungt fólk 2011. Menntun, menning, íþróttir, tómstundir, hagir og líðan nemenda í 5. 6. og 7. bekk. Rannsóknir & greining ehf. fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. 2011.

Ungt fólk 2010 – framhaldsskólanemar. Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna í framhaldsskólum á Íslandi. Samanburður rannsókna frá 2004, 2007 og 2010. Rannsóknir & greining ehf. fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. 2011.

Úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi – skýrsla nefnda og tillögur. Menntamálaráðuneytið., 2003.

Viðhorfskönnun Æskulýðsráðs 2012. Stjórnsýsluráðgjöf ehf. í samvinnu við Kannanir.is. 2012.

Æskulýðslög. Alþingi 5. apríl 2007.



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ